
Kópavogi 15.10.2025

Fyrirspurn til Umhverfissviðs:

Margir íbúar í Kópavogi hafa tekið eftir því að verið er að setja upp ljósakerfi sem lýsa mun upp Smáratorgsturninn í Kópavogsdal. Þeir segja að nú þegar sé mikil ljós- og útlitsmengun af þessari lýsingu fyrir íbúa í Salahverfi og óttast að ef norðurhliðin verður lýst upp munu íbúar á Digranesheiði og suðurhlíðum gamla Kópavogs einnig verða fyrir viðvarandi ljósmengun í framtíðinni.

Íbúum hefur verið bent á að senda fyrirspurnir á skipulag@kopavogur.is og hafa gert það. Þeir hafa engin svör fengið. Þá hafa þeir sent fyrirspurnir til Smáratorgs en ekki fengið nein svör heldur. Óskað er eftir svörum frá Kópavogsbæ við eftirfarandi spurningum.

1 Er framkvæmd af þessu umfangi háð leyfi frá Kópavogsbæ?
2 Var sótt um leyfi fyrir þessari framkvæmd?
3 Ef svo er, hvernig var hún afgreidd?
4 Var farið í grenndarkynningu fyrir íbúa á væntanlegri uppsetningu ljósabúnaðarins?
5 Hvernig var íbúasamráði vegna framkvæmdarinnar háttað frá hendi Kópavogsbæjar?



Skriflegt svar óskast.

Virðingarfyllst,

Hákon Gunnarsson
Fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026